

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202 mál.

Sem neytandi rafsígarettna/vape þá hreinlega get ég ekki annað en sagt að þetta frumvarp sé fáránlegt, það er engin aðlögun að þróun rafsígarettna í þessu frumvarpi. Mest allir tankar eru nú þegar orðnir stærri en 5ml og væri hreinlega fáránlegt að þurfa að skipta öllum tönkum út fyrir 2 ml tanka. Það þýðir ekki að grípa bara úreltar reglur Evrópu sambandsins og henda þeim í notkun þar sem það gæti eyðilagt fyrir öllum fyrrverandi reykingamönnum. Varðandi börn og unglinga, auðvitað verður að setja reglur um aldurstakmark, en ég veit ekki betur en að allar vape búðir spyrji alla um skilríki og selji ekki yngri en 18 ára og eldri. Könnun var gerð í Bretlandi ekki fyrir svo löngu og ekkert virtist leiða til þess að krakkar byrjuðu að reykja sígarettur út frá rafsígarettum. Umbúðum mætti breyta ef þær "höfða" til barna eins og með nammi merkingum þrátt fyrir að enginn sé að auglýsa sérstaklega til barna þar sem flest allir selja ekki til barna heldur eru einungis að auglýsa bragð vökvans. 10ml flöskur væri hinsvegar alveg fáránlegt þar sem maður fer í gegnum 1-3 svoleiðis flöskur á dag(fer eftir neytanda). Öðlögumst í rétta átt og sínum skynsemi því það er ekkert leyndarmál að sígarettu reykingar hafa minnkað um 50% frá árinu 2008 hér á Íslandi og væri ekkert verra enn að skemma það með einfaldlega fáfræði, til að vitna í Thomas Grey "Ignorance is bliss". Verst kemur þetta út fyrir neytandann og alla þá sem hann er í kring um því það er ekkert sem heitir óbeinar "veipingar" en það eru til óbeinar reykingar og við viljum ekki gera börnum, barnabörnum og öðrum í kringum okkur það að "veiparar" fara aftur að reykja. Ég persónulega reykti bæði og tók í vörina og veið hjálpaði mér að komast úr þeim óþverra eftir 7 ára tóbaksnotkun frá 13 ára aldri. Nú hef ég veipað í 3 ár og aldrei verið betri, gerid það ekki skemma það fyrir mér og öllum öðrum, heilsa okkar allra er í húfi!

Með bestu kveðju,

Magnús Kári Einarsson.